

- 72** Reglugerð þessi er hérmeð sett samkvæmt 95. gr. laga nr. 61/1932, um
9. maí lax- og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftir-
breytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. maí 1933.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.

- 73**
2. júní

S A M Þ Y K K T

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík
frá 5. janúar 1923.

1. gr.

3. mgr. 2. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúð-
um opnum til miðnættis. Næsta laugardag á undan þessum degi skal heimilt
að halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis. Ennfremur skal heimilt að
halda sölubúðum opnum til kl. 10 síðdegis einn virkan dag til viðbótar í vik-
unni næstu fyrir jólin eftir ákvæðum lögreglustjóra.

4. mgr. sömu greinar orðist þannig:

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka sölubúðum
eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

2. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta og fyrsta mánudag í ágústmán-
uði mega engar sölubúðir vera opnar.

Hinn 1. maí, 17. júní og 1. desember skulu allar sölubúðir lokaðar kl. 12 á
hádegis, ef þessa daga ber upp á virka daga.

3. gr.

4. gr. samþykktarinnar breytist þannig að fyrir 2. ágúst komi: fyrsta
mánudag í ágústmánuði.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar sam-
kvæmt lögum nr. 79, 14. nóvember 1917, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi
þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 2. júní 1933.

Þorsteinn Briem.

Vígfús Einarsson.